

af framangreindum 3 kg. af sælgæti, sem fært hafði verið í tolldagbókina, en ekki greitt gjald af fyrr en eftir að rannsókn málsins hófst), og er það því tollur að upphæð kr. 3279.87, sem ber að dæma kærðan til að greiða.

Loks ber að dæma kærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, er þykja hæfilega ákveðin kr. 80.00.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en í prófum málsins er gerð grein fyrir því, hvers vegna rannsókn þess var ekki lokið fyrr en gert var.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Einar Sigurðsson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði gjald af innlendum tollvörum kr. 3279.87.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns í málinu, Hinriks Jónssonar lögfræðings, 80.00 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1938.

Nr. 136/1937. Guðmundur Þorvaldsson

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Guðrúnu Pétursdóttur

(Sveinbjörn Jónsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu út. 3. nóvember 1937 og krafizt þess

hér fyrir réttinum, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum stefndu í málinu, ef hann synjar fyrir það með eiði að hafa haft holdlegar samfarir við hana á tímabilinu 15. til 23. september 1935, að báðum dögum meðtöldum. Svo krefst hann og, að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda hefir hinsvegar aðallega krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, en til vara, að henni verði heimilaður fyllingareiddur. Svo krefst hún og málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en gjafvörn fyrir hæstarétti hefir hún fengið með bréfi dómsmálaráðuneytisins 5. marz 1938 og talsmann skipaðan.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp 14. október 1937. Að tilhlutan málflutningsmanns áfrýjanda voru haldin framhaldspróf í málinu í bæjarþingi Reykjavíkur 18. og 22. jan. og 14., 15. og 18. febr. þ. á. Eftir að úrskurður í málinu hafði verið kveðinn upp hér í rétti 14. marz þ. á. hafa framhaldspróf verið haldin enn af nýju 19. marz og 7. og 19. maí þ. á.

Áður en málið var dæmt í héraði, hafði rannsókn á blóði aðilja og barnsins verið framkvæmd af rannsóknarstofu háskólans, og var niðurstaða rannsóknarinnar þessi:

Stefnda		aðalflokkur	O,	undirflokkur	MN
Barnið		—	O,	—	MN
Áfrýjandi		—	A,	—	MN

Samkvæmt þessu er það mögulegt, að áfrýjandi sé faðir barnsins, en hinsvegar alls óvist, að hann sé það.

Málaðiljar urðu samferða á togara frá Djúpuvík til Reykjavíkur í ágústlok 1935, og kveðast þau þá

hafa kynnt lauslega. Stefnda fékk atvinnu í veitingahúsi við Hafnarstræti 2. september 1935, og vann hún þar til septemberloka sama ár. Var vinnutími hennar annan daginn frá kl. 6 f. h. til kl. 3 e. h., en hinn daginn frá kl. 4—12 e. h. Þennan mánuð leigði hún sér herbergi á Klapparstíg 12, ásamt annari stúlku, Kristínu Sigurðardóttur, sem vann í sama kaffihúsi og stefnda, og var vinnutími Kristinar frá kl. 12 miðnættis til kl. 8 að morgni. Í sama kaffihúsi vann einnig á sömu tímum og stefnda stúlka að nafni Kristín Steinsdóttir, og bjó hún einnig á Klapparstíg 12, en í öðru herbergi en þær stefnda og Kristín Sigurðardóttir.

Málsaðiljar eru sammála um það, að þau hafi fyrst haft líkamlegar samfarir þann 10. september 1935 í herbergi stefndu á Klapparstíg 12. Stefnda hefir skýrt svo frá, að eftir það, eða kringum miðjan septembermánuð s. á., hafi hún haft tíðir. Í sambandi við mál þetta hefir Guðmundur Thoroddsen prófessor lýst yfir því áliti sínu, að honum þyki sennilegt, að barn stefndu, sem fætt er 18. júlí 1936, sé getið um miðjan október 1935. Kveður hann það „mjög ólíklegt“, að umræddur drengur hafi verið getinn 10. september 1935, og reyndar alveg útilokað, ef móðirin hefir haft tíðir um miðjan september 1935. Samkvæmt þessu verður ekki talið mögulegt, að barn stefndu hafi komið undir við þessar samfarir hennar og áfrýjanda.

Stefnda hefir nú haldið því fram, að hún hafi haft líkamlegar samfarir við áfrýjanda síðar í septembermánuði 1935. Upplýst er, að áfrýjandi, sem þá var stýrimaður á togaranum „Ólafi“, fór héðan úr bænum að kvöldi þess 23. september 1935, og eru aðiljar sammála um, að þau hafi ekki hitzt eftir það

fyrir en í desember næst á eftir, og kveðst stefnda þá hafa verið orðin þess vís, að hún var barnshafandi. Sé áfrýjandi faðir að barninu, ætti það samkvæmt þessu að hafa komið undir einhvern tíma eftir 14. september 1935, en þó ekki síðar en 23. sama mánaðar. Meðgöngutími stefndu, sem áður hafði alið barn, hefði þá átt að vera ekki skemmri en 299 dagar og allt að 307 dögum. Mun svo langur meðgöngutími teljast til undantekninga.

Áður en dómur gekk í héraði, var stefnda ekki krafín nákvæmrar skýrslu um tildrögin að samfundum hennar og áfrýjanda í septembermánuði 1935, né um önnur atvik, sem þar að lutu. Í réttarhaldi 22. janúar þ. á. lýsti stefnda atvikum að því, er hún telur vera síðari samfundi hennar og áfrýjanda þennan mánuð, á þá leið, að hún hafi eitt sinn eftir kl. 12 á miðnætti verið stödd niðri í bæ, ásamt fyrrnefndri Kristínu Steinsdóttur. Hafi þær þá hitt áfrýjanda, er leigt hafi bíl og ekið þeim upp í Bergstaðastræti. Þar eða í Ingólfsstræti hafi Kristín séð kærasta sinn, Sverri Svendsen, og farið úr bílnum, en áfrýjandi hafi ekið með stefndu heim til hennar á Klapparstig 12. Kveður hún áfrýjanda hafa farið þar inn með henni og dvalizt þar fram eftir nóttunni, og þau þá haft samfarir þar í herberginu.

Þegar þessi skýrsla stefndu var borin undir áfrýjanda, kvað hann lýsingu hennar eiga við samfundi þeirra þann 10. september 1935. Hafi fundum þeirra þriggja þá borið saman á götunni samkvæmi umtali við Kristínu á veitingahúsinu fyrir um kvöldið, en Kristínu hafi hann áður þekkt „fyrir aðra“. Hefir Kristín einnig staðfest þetta sem vitni, en hún kveðst ekki muna, hvenær í mánuðinum þetta hefði gerzt.

Stefnda var nú í réttarhaldi 19. marz þ. á. krafín

skýrslu um, hvernig og hvar fundum hennar og áfrýjanda hafi borið saman þann 10. september. Er skýrsla hennar um það mjög ófullkomin. Hún kveðst ekki muna, hvort þau hafi hitzt úti eða inni í kaffihúsinu, né hvort hún hafi þá verið ein eða einhver með henni. Hún kveður þau hafa gengið heim til hennar á Klapparstíg 12, en ekki kveðst hún muna, „svo hún þori að fara með það“, hvort sambylisstúlka hennar, Kristín Sigurðardóttir, hafi verið farin út, þegar þau komu heim. Ekki kveðst hún muna, hvort þau hafi haft líkamlegar samfarir oftari en einu sinni í þetta skipti, né heldur, hversu lengi áfrýjandi dvaldist þá hjá henni. Hún kveður áfrýjanda hafa verið undir áhrifum áfengis, en sjálf hafi hún einskis áfengis neytt.

Áfrýjandi fullyrðir, að eftir 10. september 1935 hafi hann ekki komið heim til stefndu á Klapparstíg 12, nema einu sinni. Kveður hann það hafa gerzt 23. september að degi til, og hafi þau þá ekki haft samfarir. Lýsir hann tildrögum þess og atvikum nánar þannig, að kl. um 3 þennan dag hafi hann verið á leið heim til sín. Á gatnamótum Lindargötu og Klapparstígs hafi verið kallað á hann af fólki, sem gekk á eftir honum, og voru þar komin stefnda, Kristín Steinsdóttir og Sverrir Svendsen. Kveðst hann hafa slegizt í för með þeim heim á Klapparstíg 12 og farið með stefndu inn í herbergi hennar, en sambyliskona hennar, Kristín Sigurðardóttir, hafi þá sofið þar á divan, en vaknað og þegið vindling af áfrýjanda. Hafi hann ekki dvalizt þarna lengur en 10—15 mínútur, og Kristín þessi verið þar inni allan þann tíma. Þau Kristín Steinsdóttir og Sverrir hafa borið það sem vitni og unnið eið að, að áfrýjandi hafi hitt þau, ásamt stefndu, á Lindargötunni í septem-

ber 1935, og hafi hann þá orðið þeim samferða upp á Klapparstig 12. Kveður Kristín Steinsdóttir þetta hafa gerzt eftir að áfrýjandi hitti hana og stefndu í miðbænum og ók með þeim í bil, eins og áður segir. Hún kveðst og í þetta sinn hafa komið snöggvast inn til þeirra stefndu og áfrýjanda, og hafi þá Kristín Sigurðardóttir verið þar sofandi á divan. Kristín Sigurðardóttir var leidd sem vitni í málinu þann 7. maí þ. á., en hún kvaðst ekki muna til þess, að áfrýjandi hafi komið í herbergi hennar og stefndu á þeim tíma, er hún hafi verið heima. Stefnda hefir ákveðið neit-að því, að fundum hennar og áfrýjanda hafi borið saman með þeim hætti, er hér segir.

Við framhaldsprófin hefir það komið í ljós, að stefnda hefir komizt í kunningsskap við ýmsa menn þennan mánuð, er hún bjó á Klapparstígi 12, og að sumir þeirra hafa komið þangað heim til hennar að kvöldi dags, þar á meðal norskur bryti af skipi, sem hér var statt dagana 8. til 10. september, en ekki er upplýst, að neinn þeirra hafi haft samfarir við stefndu.

Eins og fyrr getur, endurnýjuðu þau stefnda og áfrýjandi kunningsskap sinn í desember 1935, og hélzt hann þangað til í marzmánuði 1936, er stefnda fór heim til sín að Hjarðarbrekku. Hafði áfrýjandi þá áður látið stefndu fá 60 krónur, og 40 krónur sendi hann henni í maí s. á., en stefnda kveður hann þá hafa tjáð henni, að meira vildi hann ekki greiða, fyrr en hann vissi, hvenær barnið fæddist. Þann 1. ágúst 1936 tilkynnti stefnda áfrýjanda í bréfi, að henni hefði fæðzt sonur, sem hann sé faðir að. Nefnir hún ekki fæðingardag drengsins, en segir aðeins: „hann kom á sínum rétta tíma“. Með því að stefndu hlaut að vera ljóst, að meðgöngutíminn var mjög óeðlilega

langur, ef áfrýjandi væri faðirinn, þá virðist hún hafa ætlað sér að blekkja áfrýjanda viðvikjandi atriði, er verulegu máli skipti.

Með skírskotun til framangreindra upplýsinga verður ekki talið, þrátt fyrir þau kynni, sem upplýst er um, að aðiljar hafa haft hvort af öðru í september 1935, að stefnda hafi leitt þær líkur til styrktar máli sínu, að málalok verði látin velta á eiði hennar. Verður því að láta úrslit málsins velta á eiði áfrýjanda samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936. Skal hann vera sýkn af kröfum stefndu, ef hann synjar fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á varnarpingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu frá 15.—23. september 1935, að báðum dögum meðtöldum. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal hann talinn faðir barns þess, sem stefnda ól þann 18. júlí 1936, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá skal stefnda greiða honum samtals kr. 240.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, en málflutningskaup talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, 120 krónur, greiðist þá úr ríkissjóði. En ef áfrýjandi vinnur ekki eiðinn, þá skal hann greiða stefndu og talsmanni hennar fyrir hæstarétti í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti samtals 240 krónur, 120 krónur til hvors þeirra.

Rannsókn mál þessa, áður en dómur gekk í héraði, var mjög ábótavant, og hefir það tafið málið verulega, að upplýsinga um atriði, sem auðvelt var að afla þegar í stað, hefir orðið að leita með framhaldsprófum, auk þess sem sönnunargildi vitnafram-

burða hefir veikzt við það, hve síðla þeir voru teknir.

Því dæmist rétt vera:

Ef áfrýjandi, Guðmundur Þorvaldsson, synjar fyrir það með eiði sínum eftir löglegan undirbúning á varnarþingi samkvæmt 166. gr. laga nr. 85/1936, innan 2 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við stefndu, Guðrúnu Pétursdóttur, á tímabilinu 15.—23. september 1935, að báðum dögum meðtöldum, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá skal hann talinn faðir að barni því, er stefnda ól þann 18. júlí 1936, enda greiði hann þá meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk til barnsmóður, allt eftir úrskurði yfirvalds.

Ef áfrýjandi vinnur eiðinn, þá greiði stefnda honum samtals 240 krónur í málskostnað í hérað og fyrir hæstarétti, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 120 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ef áfrýjanda verður eiðfall, þá greiði hann stefndu og áðurnefndum talsmanni hennar samtals 240 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. okt. 1937.

Þann 18. júlí 1936 ól ógift stúlka, að nafni Guðrún Pétursdóttir, þá til heimilis að Hjarðarbrekku í Eyrarsveit, fullburða sveinbarn. Föður að þessu barni sínu hefir barnsmóðirin tilnefnt Guðmund Þorvaldsson til heimilis á Hverfisgötu 75 hér í bænum. Hann hefir ekki viljað kannast við faðernið, og er því mál þetta höfðað gegn honum eftir ósk barnsmóður, sem hefir gert þær kröfur fyrir réttinum, að kærður verði dæmdur faðir sveinbarnsins.

Aðilar eru sammála um það, að þau hafi fyrst kynnt sumarið 1935 á s/s Kára á leið frá Djúpuvík til Reykjavíkur, en kærður var þá háseti á nefndu skipi. Þá eru kærandi og kærður sammála um það, að þau hafi haft holdlegar samfarir 10. september 1935. Þá hefir kærandi haldið því fram, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan í síðari hluta sama mánaðar og svo áfram öðru hvoru þar til í marz-mánuði 1936, en þessum samförum hefir kærður neitað og fullyrt það, að hann hafi haft samfarir við kæranda aðeins þann 10. september 1935 og síðan þrem til fjórum mánuðum síðar. Kærður hefir viðurkennt það, að hann hafi að vísu hitt kæranda síðar í september og farið heim með henni, en neitar því hinsvegar, að þau hafi haft holdlegar samfarir.

Þá eru aðilar sammála um það, að kærður hafi látið kæranda hafa 100 krónur í peningum eftir að hann vissi, að hún var ófrisk, en kærður hefir fullyrt það, að hann hafi ekki með því ætlað á nokkurn hátt að viðurkenna faðernið.

Með því að telja verður samkvæmt því, sem fram er komið í rannsókn málsins, að það sé ekki með öllu útilokað, að kærður geti verið faðir að barninu, sbr. og rskj. nr. 9 og 10, og þar sem einnig ekkert er upplýst um, að kærandi hafi á getnaðartíma barnsins haft holdlegar samfarir við aðra karlmenn en kærðan, þá þykir verða að dæma hann föður þess, til að greiða meðlag með því og barnsfararkostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 65 krónur.

Dráttur sá, sem orðið hefir á málinu hér, stafar af því, að kærður var í sumar á síldveiðum við Norðurland, og varð því að fresta rannsókninni.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Guðmundur Þorvaldsson, skal teljast faðir að barni því, er kærandi, Guðrún Pétursdóttir, ól þann 18. júlí 1936. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og 65 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. júní 1938.

Nr. 63/1937. **Bjarni Halldórsson**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Eiríki Kristjánssyni (Enginn).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. júní f. á. Þegar málið var þingfest í septembermánuði s. á., var mætt í því af hendi beggja aðilja, og var því þá frestað. En þegar það síðar var tekið fyrir, var ekki mætt í því af hálfu stefnda, og er það því flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112 frá 1935.

Áfrýjandi krefst þess hér fyrir dómi, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 100.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 14. marz 1936 til greiðsludags, og ennfremur málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með því að skilríki þau, sem fram hafa komið í málinu, eru samrímanleg kröfum áfrýjanda og málsútlitun, þá ber að taka kröfur hans til greina að öðru